

Tenging hjólanets höfuðborgarsvæðisins við umliggjandi þjóðvegi - Mannvit.

Óljóst er á hvaða hátt hjólreiðamenn sem ferðast um þjóðvegi landsins eru leiddir inn á hjólanet/stígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið snerist um að kanna þá staði og aðstæður þar sem helstu þjóðvegir tengjast þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu og gerð greining á mögulegum tengingum milli þjóðvega og stíga. Gerðar eru tillögur um útfærslur og skilti og merkingar. Fyrir þá sem ekki þekkja til er ákveðin hætta á að þeir leiðist inn á stofnvegi höfuðborgarsvæðisins þar sem umferð er mikil og hröð. Með því að beina þeim inn á stígakerfið eykst öryggi.

Þrír staðir eru skoðaðir og tillögur eru annars vegar um aðgerðir sem hægt er að gera fljótlega, en einnig er litið til framtíðar og skipulagsgerðar. Þá eru gerðar kostnaðaráætlanir fyrir þær lausnir sem hægt er að ráðast í strax.

Reykjanesbraut í Hafnarfirði er skoðuð. Enginn hjólastígur er meðfram brautinni frá Reykjanesbæ að Hafnarfirði og því þarf að hjóla á vegöxlinni. Við Ásvelli er upphaf lykilleiða hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu og þar eru skilti með upplýsingum. Fram kemur að með gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Krísuvíkurvegar, sem er hafin, er auðvelt að leiða hjólaumferðina inn á stígakerfið og þarf eingöngu vegvísunarskilti. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þetta gæti verið um ein milljón króna (sex vegvísar með undirstöðum). Bent er á að til framtíðar er einfaldast að horfa til aðalskipulags Hafnarfjarðar (2013-2025) og gera ráð fyrir að hjólastígar verði lagðir líkt og skipulagið sýnir.

Þá er Suðurlandsvegur í Reykjavík til skoðunar, en þar er hætta á að ókunnugir geti lent inn á Ártúnsbrekkunni. Lagt er til að leiða hjólaumferðin niður Elliðaárdalinn og nefndar þrjár lausnir í því sambandi, allt frá skiltun og skiltun með gerð nýrra stíga. Kostnaður er allt frá einni milljón upp í 37 milljónir, eftir því hvaða lausn yrði valin.

Þriðji staðurinn er Þingvallavegur og Vesturlandsvegur í Mosfellsbæ. Bent er á aðgerðir með vegvísun og stuttri stígagerð (tengingu) án mikils tilkostnaðar. Í framtíðinni er gert ráð fyrir stofnstíg/aðalstíg í skipulagi beggja sveitarfélaganna.

Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að huga vel að gerð og útliti merkinga vegna vegvísunar. Líklegt er að vegvísunarskilti verði inna öryggissvæða vega, en slíkt er heimilt ef umferðamerkin eru af ákveðinni viðurkenndri gerð. Uppsetning slíkra skilta ætti þó ávallt að vera háð umsögn frá þjónustudeild Vegagerðarinnar, þar sem þau eru innan veghelgunarsvæðis þeirrar stofnunar.